

Reykjavík, 25.06.2021
SFS2021060209
216. fundur

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um danstengt nám í Breiðholti

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í borgarráði lögðu fram svohljóðandi tillögu á fundi borgarráðs 10. júní sl. varðandi danstengt nám í leik- og grunnskóla í Breiðholti:

Lagt er til að við undirbúning og þarfagreiningu fyrir Dans- og fimleikahús í Efra Breiðholti verði teknar upp viðræður við skóla- og frístundasvið um að leik- og grunnskólar í hverfinu bjóði upp á danstengt nám sem og valáfanga í dansi á unglingastig sem myndi auka fjölbreytni á grunnskólastiginu. Það myndi auk þess skapa samfellu í námi á þessu sviði þar sem fyrirhugað er að taka upp viðræður við Fjölbreytaskólann í Breiðholti um danstengt nám

Tillagan var send til rýni hjá skóla- og frístundadeild Breiðholts sem kom á framfæri eftirfarandi sjónarmiðum.

Skóla- og frístundadeild Breiðholts þakkar ábendingar varðandi danstengt nám á leik- og grunnskólastigi. Með tilkomu verkefnisins Betri borg fyrir börn (BBB) er lögð mikil áhersla á að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Lagt hefur verið kapp á að auka tengingu innan skólasamfélagsins og einnig auka tengingu við þá starfsemi sem er í hverfinu. Að tengja saman starfsemi Dans- og fimleikahúss við leik- og grunnskóla fellur vel að þeim áherslum BBB verkefnisins sem skóla- og frístundadeildin starfar eftir.